

**Ferðapjónusta fatlaðra í Skutulsfirði,
Ísafjarðarbæ
2020-2023**

Útboðsgögn – opið útboð

VERKNÚMÉR: 07197-028	DREIFING: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
SKÝRSLA NR:	
DAGS: 2020-03-20	

HEITI SKÝRSLU: FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA Í SKUTULSFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ - ÚTBOÐSGÖGN

HÖFUNDAR: VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA	VERKEFNISSTJÓRI: Jóhann Birkir Helgason
------------------------------------	--

UNNIÐ FYRIR: ÍSAFJARÐARBÆ	
UMSJÓN: AXEL ÖVERBY	

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: ÚTBOÐSGÖGN

--

--	--

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:	YFIRFARIÐ AF:
------------------------------	---------------

Tilboðsblað

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í „Ferðapjónustu fatlaðra í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ 2020-2023“ fyrir Ísafjarðarbæ, samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum.

Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði útboðsgagna og býðst í samræmi við þau að framkvæma verkið fyrir:

1.	0- 2 km	kr. _____	pr. ferð
2.	2- 4 km	kr. _____	pr. ferð
3.	4- 6 km	kr. _____	pr. ferð
4.	6- 8 km	kr. _____	pr. ferð
5.	8- 10 km	kr. _____	pr. ferð
6.	48 km	kr. _____	pr. ferð
7.	100 km	kr. _____	pr. ferð

Gerð og útbúnaður ökutækis sem verktaki hyggst nota:

Fjöldi farþega að bílstjóra undanskildum: _____ Þar af mögulega í hjólastól/hjólastólum: _____

Heildartilboðsfjárhæð:

Nafn og kennitala tilboðsgjafa

Heimilisfang

Tölvupóstfang

Staður og dagsetning

Undirskrift bjóðanda

Vottar:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

EFNISYFIRLIT

Tilboðsblað	3
0 Útboðslýsing	5
0.1 Útboðsskilmálar	5
0.1.1 Almenn lýsing	5
0.1.2 Heimilisfang umsjónaraðila verkefnisins:	5
0.1.3 Útboðsgögn	5
0.1.4 Kynningarfundur	6
0.1.5 Samskipti á tilboðstíma	6
0.1.6 Gerð og frágangur tilboðs	6
0.1.7 Innifalið í verðtilboði	6
0.1.8 Tungumál	6
0.1.9 Frávikstillögur	6
0.1.10 Auðkenni tilboðs	6
0.1.11 Opnun tilboða	7
0.1.12 Mat tilboða / valforsendur	7
0.1.13 Samningar	7
0.1.14 Vanefndir og uppsögn	8
0.1.15 UPPLÝSINGARSKYLD A SAMNINGSAÐILA	8
0.1.16 Ábyrgðir og tryggingar	8
0.1.17 Framsal réttinda	8
0.1.18 Atvinnuleyfi	8
0.1.19 Ágreiningsmál	9
0.1.20 Greiðslur	9
0.1.21 Gæðastjórnun	9
0.1.22 Lög og reglugerðir	9
0.1.23 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	9
0.1.24 Dagbók	9
0.1.25 Samskipti við yfirvöld	9
1 Verklýsing	10
1.1 Akstursleiðir	10
1.2 Breytingar á akstursleiðum	10
1.3 Áætlanir	10
1.4 Gjaldtaka af farþegum	10
1.5 Samskipti við farþega	10
1.6 Gerð og stærð bifreiða	11
1.7 Greiðslur fyrir samningsverk	11
1.8 Drög að verksamningi	12
1.9 Reglur um ferðapjónustu fatlaðra í Ísafjarðarbæ	15

0 Útboðslýsing

0.1 Útboðsskilmálar

0.1.1 Almenn lýsing

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar f.h. bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar, óskar eftir tilboðum í ferðapjónustu fatlaðra í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ. Um er að ræða akstur fatlaðra og aldraðra einstaklinga, svo sem milli heimilis og stofnana, þegar viðkomandi getur ekki nýtt sér almenna ferðapjónustu eða ferðast á eigin vegum. Tilboð skal gera samkvæmt útboðslýsingu þessari og þeim öðrum tilgreindum gögnum. Meginmarkmið er að veita skjólstæðingum skjóta, örugga og góða akstursþjónustu og ber verktaka að sinna akstrinum með eins hagkvæmum, öruggum og skjótum hætti sem kostur er.

Verkið felur í sér að sjá um þjónustu vegna aksturs fatlaðra og aldraðra í Skutulsfirði og eftir atvikum akstur til annarra byggðakjarna ef þörf er á bíl með hjólastólaaðgengi. Þjónustuna skal inna af hendi alla virka daga ársins og á helgidögum samkvæmt nánari samkomulagi þar um.

Um er að ræða akstur innan Skutulsfjarðar. **Ekki er gert ráð fyrir ferðum til Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar nema í undantekningartilfellum.** Gera má ráð fyrir að óskað verði eftir slíkum ferðum einstöku sinnum, á árinu 2019 voru 15 ferðir í þessa byggðakjarna.

Ferðir geta verið mismunandi langar og miðast við ekna kílómetra í hverjum aksturslegg, en ekki fjölda einstaklinga í ferð. Verktaka er gert að samnýta ferðir eins og kostur er. Flestar ferðir eru 0-2 km, fjöldi slíkra ferða árið 2019 var að meðaltali 56, færri að sumri til en fleiri að vetri til. Ferðum getur þó fjölgað eða fækkað á samningstímanum.

0.1.2 Heimilisfang umsjónaraðila verkefnisins:

Ísafjarðarbær

Hafnarstræti 1, Sími: 450 8000

400 Ísafirði

Umsjónaraðili: Deildarstjóri félagslegrar heimaþjónustu í Ísafjarðarbæ

Verkefnisyfirlit:

- Fyrirspurnarfrestur bjóðenda er til 16. apríl 2020.
- Svarfrestur verkkaupa er til 17. apríl 2020.
- Skilastaður tilboða er: Verkís hf. Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, 3. hæð
- **Opnun tilboða er 20. apríl 2020 kl.11:00**
- Samningstími er fjögur ár. **1. maí 2020 til 31. maí 2023.**

Þó ber að athuga ástandið í þjóðfélaginu vegna Covid-19 og bent á viðbragðsáætlun Ísafjarðarbæjar sem tekur stöðugum breytingum frá degi til dags. Það gæti farið svo að akstur fyrri hluta samningstímabilsins árið 2020 verði felldur niður.

0.1.3 Útboðsgögn

Útboðsgögn eru þessi:

- a) Útboðs- og verklýsing þessi

- b) Tilboðsblað og tilboðsskrá
- c) Íslenskur staðall ÍST-30:2012
- d) Reglur um akstur fatlaðra í Ísafjarðarbæ

0.1.4 Kynningarfundur

Kynningarfundur verður ekki haldinn.

0.1.5 Samskipti á tilboðstíma

Óski þátttakandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á innihald tillögu hans skal hann þá senda umboðsmanni verkkaupa skriflega fyrirspurn þar um.

Fyrirspurnin skal merkt: Verkís hf., Jóhann Birkir Helgason, (jbh@verkis.is). Fyrirspurnir skulu berast áður en fyrirspurnarfrestur rennur út. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Svör við fyrirspurnum verða send til þátttakenda eins fljótt og mögulegt er, en eigi síðar en svarfrestur verkkaupa rennur út.

Öll samskipti við þátttakendur á tilboðstíma skulu vera í höndum umboðsmanns verkkaupa. Víki þátttakendur frá þessu eiga þeir á hættu að tillögum þeirra verði vísað frá.

0.1.6 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Þjóðandi skal skila tilboði á meðfylgjandi tilboðsblaði undirrituðu. Tilboð skal miða við magn í meðfylgjandi tilboðsskrá sem að öðru leyti skal fyllt út eins og texti segir til um og fylgja tilboði.

Einingarverð skal tilgreint með virðisaukaskatti. Komi í ljós ósamræmi milli fjárhæðar tilboðs og einingarverðs skal einingarverð gilda.

0.1.7 Innifalið í verðtilboði

Allur kostnaður verktaka vegna verksins hverju nafni sem hann nefnist skal innifalinn í tilboðsverðum. Tilboðsverð skal meðal annars innifela, opinber gjöld (tengd rekstri verktaka) eins og: fjármögnunar-, rekstrar-, og áhættukostnað, hagnað, tryggingar og fl. Allan sérhæfðan búnað, vélar, orku, allan kostnað við rekstur aðstöðu, bíla, síma, flutninga o.s.frv. skatta og skyldur (þar með talið virðisaukaskatt) hverju nafni sem nefnast, og nauðsynlegt er til að framkvæma og ljúka verkinu að fullu og öllu, skal vera innifalið í tilboðinu, nema það sem kann að vera sérstaklega undanskilið í útboðsgögnum. Einnig lög- og samningsbundin gjöld er hljótast af því að hafa menn í vinnu og selja efni og vinnu, þar með talinn virðisaukaskattur og allur annar kostnaður þótt ótalinn sé hér.

0.1.8 Tungumál

Tillögum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

0.1.9 Frávikstillögur

Frávikstilboð eru ekki heimiluð.

0.1.10 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi merkt:

Ísafjarðarbær

Ferðapjónusta fatlaðra í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ 2020-2023

TILBOÐ

0.1.11 Opnun tilboða

Tillögum skal skila á skrifstofu Verkís hf., Hafnarstræti 1, 3. hæð, 400 Ísafirði í lokuðu umslagi og skal nafn og aðsetur þátttakanda að koma fram á umslaginu.

Heimilt er að skila tilboði með tölvupósti, ef þær berast áður en skilafrestur rennur út, enda hafi öll gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tillagna fer fram. Til að slíkt tilboð teljist gilt skal staðfesting póststöðvar á móttöku ábyrgðarsendingar fylgja myndsendingu.

Séu tilboð send með pósti eða tölvupósti er þátttakandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tillagna.

Opnun tilboða fer fram á hjá Verkís hf. 20. **apríl 2020 kl. 11:00.** Því miður geta bjóðendur ekki verið viðstaddir opnun eins og venja er vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

A. Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Nafn, heimilisfang, kennitala og stofndagur
- Nöfn eigenda og stjórnarmanna
- Yfirlit yfir þekkingu og reynslu þátttakanda og starfsmanna hans af hliðstæðum verkefnum og af rekstri og stjórnun.

0.1.12 Mat tilboða / valforsendur

Óskað er eftir tilboðum miðað við heildarakstur á 12 mánaða tímabil, tölur í magnskrá viðast við janúar 2019 til desember 2019. Tilboð verða metin á grundvelli innsendra gagna. Samið verður við þann aðila sem býður lægsta heildartilboðsverð miðað við magnskrá.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Kostnaðaráætlun kaupanda liggur fyrir, en verður ekki gefin upp fyrr en við opnun tilboða.

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér rétt til að taka lægsta gilda tilboði takist honum að útvega það fjármagn sem upp á vantar.

0.1.13 Samningar

Gerður verður skriflegur verksamningur og er samningstími frá **1. maí 2020 til 1. júní 2023.**

Þó ber að athuga ástandið í þjóðfélaginu vegna Covid-19 og bent á viðbragðsáætlun Ísafjarðarbæjar sem tekur stöðugum breytingum frá degi til dags. Það gæti farið svo að akstur fyrri hluta samningstímabilsins árið 2020 verði felldur niður.

Samningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok

samningstíma. Verði veruleg breyting á þjónustupörfinni á samningstímanum er verkkaupa heimil endurskoðun samnings sama gildir um atriði sem upp kunna að koma á samningstímanum sem geta verið báðum samningsaðilum til hagsbóta. Um önnur tilvik varðandi uppsögn vísast til greinar 0.1.13.

0.1.14 Vanefndir og uppsögn

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bóttum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, eða sé hann úrskurðaður gjaldþrota, eða verði andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi sagt upp samningi með 1 mánaða fyrirvara.

0.1.15 UPPLÝSINGARSKYLD A SAMNINGSADILA

Verktaka ber að upplýsa verkkaupa þegar í stað ef frávik verða frá áætlun, þannig að verkkaupi geti á viðunandi hátt svarað fyrirspurnum notenda (viðskiptavina) eða komið skilaboðum áleiðis til þeirra.

Verktaka ber að upplýsa verkkaupa um allar kvartanir sem berast frá farþegum.

Þá verður verktaki upplýstur um allar kvartanir notenda (viðskiptavina) vegna verktakans. Ef slíkar kvartanir gefa tilefni til að mati verkkaupa, getur verkkaupi krafist viðbragða af hálfu verktaka og skal verktaki þá þegar í stað bæta þjónustu sína er lýtur að þessu ákveðna kvörtunarefni.

0.1.16 Ábyrgðir og tryggingar

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni sem hann (farartæki hans) kann að verða fyrir við aksturinn. Þá ber hann einnig ábyrgð á því tjóni sem hann kann að valda þriðja aðila. Verktaka ber að hafa farartæki sitt tryggt þeim almennu og sérstöku tryggingum sem gilda um tryggingu slíkra farartækja.

Verktaka ber að setja rekstrartryggingu sem svarar til reksturs þriggja vetrarmánaða. Verkkaupa er heimilt að ganga að tryggingafénu ef verktaki verður gjaldþrota eða ef verktaki vanefnir samninginn með því að hætta þjónustu sem ekki er hægt að rekja til vanefnda verkkaupa. Trygging þessi skal sett með ábyrgð banka eða með öðrum jafntryggum hætti að mati verkkaupa.

Verktaki ber ekki fjárhagslega ábyrgð á því ef ferðir falla niður af óviðráðanlegum orsökum, eins og vegna veðurs.

Verktaki ber ábyrgð á verkinu samkvæmt IST 30 – 22.

0.1.17 Framsal réttinda

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt verkefni þessu nema með samþykki verkkaupa.

0.1.18 Atvinnuleyfi

Verktaki er ábyrgur fyrir því að allir starfsmenn hans hafi atvinnuleyfi sem tryggi þeim rétt til að vinna að verkefninu.

0.1.19 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni því sem útboðs- og verklýsing þessi nær til, skal vísa til Héraðsdóms Vestfjarða.

0.1.20 Greiðslur

Greitt verður fyrir verkið samkvæmt tilboði.

Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á, verktaki sendir inn rafrænan reikning samkvæmt Staðaráði Íslands til Ísafjarðarbæjar fyrir 10. dag hvers mánaðar. Verkkaupi skal greiða reikninginn eigi síðar en 20. dag mánaðar sé hann réttur og samkvæmt samningi um verkið.

Reikningar skulu skráðir á Ísafjarðarbæ, k.t. 540596-2639.

0.1.21 Gæðastjórnun

Gerðar eru kröfur til verktaka að hann tryggi gæði allra þátta verkefnisins með innra eftirliti. Það skal vera kerfisbundið, skipulagt og skjalfært og öll stjórnun og skipting ábyrgðar skilgreind. Skráð skal hverjir fari með stjórnun, hvaða þættir heyri undir hvern, hver hafi ákvörðunarvald og hver beri ábyrgð á hverju. Verktaki skal tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur. Skal það gert með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar.

Í greinargerð með tillögu skal gerð grein fyrir gæðastjórnun og innra eftirliti, þannig að gæði rekstrarins og þjónustunnar verði tryggð.

0.1.22 Lög og reglugerðir

Verktaki skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

0.1.23 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Tilboðið skal miðað við verðlag á opunardegi tilboða.

Verðlag skal miðast við breytingar á launavísitölu (50%), sem er 705,6 stig í janúar 2020 og vísitölu neysluverðs (072 rekstur ökutækja) 50%, sem er 167,3 stig í janúar 2020. Tilboðsupphæð skal verðbætast 1. janúar og 1. júní ár hvert í fyrsta sinn þann 1. júní 2020.

0.1.24 Dagbók

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í hana skal hann skrá verkefni hvers dags, mannafla, tæki, veðurfar og annað sem þýðingu hefur fyrir framgang verksins. Einnig getur verktaki skráð þar fyrirspurnir sínar og ábendingar til verkkaupa, svo fremi hann sendir þær ekki til hans með sérstökum orðsendingum. Athugasemdir íbúa skal einnig skrá í dagbókina og skal verktaki ræða þær athugasemdir við verkkaupa.

Senda skal dagbókina með tölvupósti til deildarstjóra félagslegrar heimaþjónustu einu sinni í

0.1.25 Samskipti við yfirvöld

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum samskiptum hans við notendur.

Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum og reglugerðum án undangengis samþykkis verkkaupa.

1 Verklýsing

1.1 Akstursleiðir

Meginakstursleiðir eru milli heimila og skóla og ýmissa þeirra stofnana sem notendur þjónustunnar þurfa að heimsækja. Meðfylgjandi eru töflur er gefa vísbendingu um þá þjónustu sem veitt hefur verið undanfarið.

Ferðirnar skiptast í eftirfarandi flokka í tilboðsskrá. Einnig eru settar inn til upplýsingar áætlaðan fjöldi ferða pr. viku. Hafa ber í huga að um meðaltal er að ræða, ferðirnar eru mun fleiri yfir vetrarmánuði og mun færri á sumrin.

1.	0- 2 km	56 ferðir
2.	2- 4 km	1 ferð
3.	4- 6 km	8 ferðir
4.	6- 8 km	1 ferð
5.	8- 10 km	1 ferð
6.	yfir 10 km	0,3 ferð

1.2 Breytingar á akstursleiðum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að breyta akstursleiðum og fjölda ferða, enda sé það tilkynnt verktaka með nægum fyrirvara og rúmast innan stundatöflu.

1.3 Áætlanir

Verktaki skal sjá til þess að ferðir séu farnar á tilskildum tíma skv. þeirri tímaáætlun sem verkkaupi lætur honum í té. Vakin er athygli á að verulegur munur er á þjónustubörf á skóladögum og þegar skóli starfar ekki. Ferðir eru mislangar og miðast greiðslur við ekna kílómetra / fjölda ferða en ekki fjölda farþega í hverri ferð.

Að jafnaði skulu ferðir til og frá skóla njóta forgangs.

Að meðaltali eru farnar um 70 ferðir á viku, yfir vetrartímamann eru fleiri ferðir en mun færri yfir sumartímamann. Akstursþjónustan skal vera í boði alla virka daga á bilinu 7:00 – 18:00. Einnig tilfallandi ferðir þar fyrir utan.

1.4 Gjaldtaka af farþegum

Verktaka er ekki heimil gjaldtaka af farþegum yngri en 18 ára í akstri á vegum verkkaupa en gjaldtaka er heimil af öllum eldri en 18 ára og þá kr. 250 fyrir hverja ferð.

1.5 Samskipti við farþega

Sýna skal farþegum og fylgdarmönnum þeirra tillitssemi og skal bílstjóri aðstoða farþega eftir þörfum. Bílstjóri þarf að aðstoða farþega við að komast til og frá bíl og sjá til þess að ábyrgur aðili taki á móti þeim. Farþegar skulu vera tilbúnir við útidyr þó er ekki greitt sérstaklega fyrir minni háttar biðtíma sem orsakast af ófyrirséðum atvikum. Rík áhersla er lögð á þagmælsku um einkamál farþega er bílstjóri kann að fá vitneskju um í starfi. Verkkaupi krefst þess að bílstjóri skili inn sakavottorði við ráðningu hans, og getur óskað eftir að bílstjórar sem ekki sinna starfi sínu á viðeigandi hátt eða hafa brotið af sér gagnvart börnum, starfi ekki á vegum verktaka við akstursþjónustu fyrir verkkaupa skv. útboði þessu.

1.6 Gerð og stærð bifreiða

Gerð er krafa um að bifreiðar sem notaðar verða taki a.m.k. 4 – 5 farþega þar sem a.m.k. einn getur verið í hjólastól. Búnaður bifreiðarinnar skal einnig vera þannig að viðeigandi löglegur öryggisbúnaður sé til staðar í bifreiðum. Búnaður innan bifreiðar skal vera sem bestur til að auðvelda farþegum umgang um hana. Þá skulu bifreiðar vera með sérstakan útbúnað vegna hjólastólaflutninga, festingar, lyftu eða annan búnað sem verkkaupi viðurkennir. Gera má ráð fyrir flutningi farþega í rafmagnshjólastólum.

Verktaki skal gefa upp tegund og stærð þeirra ökutækja sem hann hyggst nota við aksturinn. Tilkynna skal verkkaupa allar breytingar á bifreið og búnaði á samningstímanum og leita samþykkis hans.

1.7 Greiðslur fyrir samningsverk

Greitt er sérstaklega fyrir hverja ferð sem farin er milli áfangastaða. Ferð telst hafin þegar komið er á brottfararstað farþega og lokið þegar komið er á áfangastað. Ekki er greitt sérstaklega fyrir biðtíma sbr. lið 1.5. Samskipti við farþega. Ef til koma ferðir út fyrir Skutulsfjörð er greitt kílómetragjald og telst ferð vera fram og til baka milli áfangastaða.

Ferðir eru flokkaðar niður eftir vegalengdum:

1. Vegalengd að og með 2 km. greitt pr. ferð.
2. Vegalengd frá 2 km og með 4 km. greitt pr. ferð.
3. Vegalengd frá 4 km og með 6 km. greitt pr. ferð.
4. Vegalengd frá 6 km og með 8 km. greitt pr. ferð.
5. Vegalengd frá 8 km og með 10 km. greitt pr. ferð.
6. Greitt er fyrir kílómeter fyrir ferðir umfram 10 km ef til þess kemur að fara þurfi í aðra byggðakjarna. Á árinu 2019 voru t.a.m. 15 slíkar ferðir farnar.

1.8 Drög að verkisamningi

Akstur fatlaðra í Ísafjarðarbæ

Undirritaðir, Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri, annarsvegar f.h. Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, hér nefndur verkkaupi og _____, kt. _____, hinsvegar, hér eftir nefndur verktaki, gerum með okkur eftirfarandi

S A M N I N G

1. gr.

Verktaki tekur að sér akstur fatlaðra í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ árin 2010-2023. Öll útboðsgögn ásamt undirrituðu tilboði verktaka dags. _____ teljast hluti af samningi þessum.

2. gr.

Akstursleiðir, tímaáætlun og viðkomustaðir eru samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali I og getur verið breytilegt eftir mánuðum. Kjósi verkkaupi að fjölga ferðum skal um það samið áður en akstur hefst

3. gr.

Öll ökutæki vegna þessarar þjónustu skulu uppfylla lágmarkskröfur Frumherja hf. (Bifreiðaskoðunar Íslands) til fólksflutninga af þessu tagi.

Bifreiðarnar sem notaðar verða samkvæmt samningi þessum eru af gerðinni NN, einkennisnúmer er xx og er fyrir xx farþega auk ökumanns. Ef bifreiðin bilar eða bílstjóri getur af einhverjum öðrum orsökum ekki ekið, þá ber honum að útvega bifreið eða bílstjóra til að leysa af og skal hann sjá um greiðslur fyrir slíkt. Hann skal jafnframt tilkynna Ísafjarðarbæ þessa tímabundnu breytingu.

Kosta skal kapps um að hafa bifreiðina ávallt sem hlýlegasta og halda henni hreinni og þokkalegri.

4. gr.

Verktaki skal halda nákvæma skrá um farþega og fjölda ferða og hefur verkkaupi aðgang að henni hvenær sem er á samningstímanum.

5. gr.

Fyrir framangreint verk fær verktaki greitt samkvæmt tilboði sínu, kr. _____ pr. ferð.

Verkkaupi greiðir reikninginn/reikningana inn á bankareikning verktaka eigi síðar en 20. hvers mánaðar eftir.

6. gr.

Bifreiðastjórar í þjónustu verktaka skulu njóta fræðslu og endurmenntunar, sem eflir skilning við farþega ferðapjónustunnar. Bifreiðastjórum er skylt að gæta þagmælsku um einkamál farþega og aðstoðarmanna þeirra er hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til aksturs eða gæslumann, sbr. 3 mgr. 5. gr., sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. Kafla almennra hegningarlaga. Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra bifreiðar þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags.

7. gr.

Verktaki verður upplýstur um allar kvartanir viðskiptavina. Ef slíkar kvartanir gefa tilefni til að mati verkkaupa, getur hann krafist viðbragða af hálfu verktaka og skal verktaki þá þegar í stað bæta þjónustu sína er lýtur að þessu ákveðna kvörtunarmáli. Jafnframt ber verktaka að upplýsa verkkaupa um allar kvartanir sem berast frá farþegum.

Verktaka ber að upplýsa verkkaupa þegar í stað ef frávik verða frá áætlun, þannig að verkkaupi geti á viðunandi hátt svarað fyrirspurnum þar um eða komið skilaboðum áleiðis til þeirra er málið varðar.

8. gr.

Ef verktaki brýtur í bága við samninginn það óverulega að ekki kemur til uppsagnar, en þó þannig að farþegar verða fyrir óþægindum eða umsamið þjónustustig næst ekki er hann bótaskyldur að undangenginni einni skriflegri viðvörðun frá verkkaupa.

Verkkaupi getur krafist verktaka um bætur ef hann skilar ekki þeim akstri, sem umsamin er og/eða eftirtalin frávik verða í þjónustu:

- frávik frá tímaáætlun út fyrir ásættanleg mörk
- þrifum ábótavant
- viðhaldi ábótavant

Bætur geta numið allt að daglegri greiðslu verktaka. Gerð verður skrifleg grein fyrir bótakröfu sem leggist fyrir sáttanefnd, sbr. 10. gr. samnings þessa, sem kveður á um framhald málsins. Ef verkkaupi innir ekki af hendi umsamdar greiðslur eða vanefnir aðrar samningsskyldur má verktaki rifta samningi eða hætta þjónustu. Samningi verður þó ekki rift né þjónusta lögð niður nema vanefnd sé veruleg og verktaki hafi áður gert verkkaupa skriflega viðvart og sett honum hæfilegan frest til úrbóta. Verði dráttur á greiðslu lengri en 7 dagar þá á verktaki rétt á almennum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, þar til reikningur verður greiddur.

9. gr.

Verktaki ber fulla ábyrgð á öllu tjóni er hlýst af akstri og er hann skyldugur til að taka ábyrgðartryggingu í því skyni ásamt því að verktaki skal tryggður fyrir bruna, þjófnaði sem og frjálstri ábyrgðartryggingu. Bílstjóri skal hafa örugga farþegatryggingu á bifreið sinni og gæta ávallt fyllsta öryggis.

Verkkaupi á endurkröfurétt á verktaka vegna kostnaðar verkkaupa af atvikum sem verktaki ber ábyrgð á samkvæmt þessum samningi.

Verktaki ber ekki fjárhagslega ábyrgð vegna ferða sem falla niður af óviðráðanlegum orsökum, svo sem óveðri, opinberri lokun vega, töfum á snjómokstri o.þ.h.

10. gr.

Endurskoðunarákvæði: Aðilum samnings þessa er heimilt að endurskoða ákvæði samningsins verði veruleg breyting á þjónustubörfinni á samningstímanum.

11. gr.

Aðilar samningsins eru sammála því að skjóta ágreiningsmálum um túlkun samnings þessa til sérstakrar sáttanefndar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hvorum samningsaðila. Sáttanefnd skal hafa lokið störfum innan mánaðar frá því óskað var eftir að hún kæmi saman. Náist ekki samstaða geta aðilar vísað málinu til gerðardóms með samkomulagi eða til dómstóla. Fulltrúi verkkaupa um framkvæmd þessa samnings er sviðstjóri fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar, en af hálfu verktaka er _____ fulltrúi gagnvart verkkaupa.

12. gr.

Gildistími samnings þessa er frá 1. maí 2020 til 1. júní 2023. Samningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok samningstíma.

Greiðslur til verktaka skulu fylgja eftirfarandi vísitölum: 50% af launavísitölu sem er í janúar 2020 705,6 stig og 50% vísitölu neysluverðs (072 rekstur ökutækja) sem er í janúar 2020 154,9 stig. Vísitalan kemur á höfuðstól 1. janúar og 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 2020.

Báðir aðilar geta sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara enda verði fjárhagslegt tjón þá bætt að fullu. Verði ágreiningur um mat á því tjóni skal honum vísað til sáttanefndar sbr. 11. gr. samningsins.

13. gr.

Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á skv. reikningi, sendir rafrænt inn til Ísafjarðarbæjar. Greiðslur verða inntar af hendi samkvæmt reikningum sem lagðir eru fram. Reikningar skulu berast fyrir 10. eða 20. hvers mánaðar og verða greiddir innan 20 daga þaðan í frá. Eftir þann tíma áskilur verktaki sér rétt til að reikna dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

14. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit eitt handa hvorum aðila.

Ísafirði, _____ 2020.

F.h. Ísafjarðarbæjar sem verkkaupi

f.h. XXXXXXXX XXXXXX sem verktaki.

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

XXXXXXXXXXXXXXXX

Vottar að réttri dagsetningu og fjárræði aðila:

Nafn

kt.

Nafn

kt.

1.9 Reglur um ferðapjónustu fatlaðra í Ísafjarðarbæ

Reglur um ferlipjónustu í Ísafjarðarbæ

Markmið ferlipjónustu

1. gr.

Meginmarkmið ferlipjónustu er að gera notendum þjónustunnar kleift að sækja vinnu, nám, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, hæfingu hvers konar og tólmstundir.

2. gr.

Notendur

Ferlipjónusta er ætluð til afnota fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem eru andlega eða líkamlega skertir og geta ekki notað bifreið eða nýtt sér almenningsfarartæki af þeim sökum.

Einstaklingar sem hafa tímabundið aðsetur í Ísafjarðarbæ en eiga ekki lögheimili þar, geta átt kost á þjónustunni ef sveitarfélag sem viðkomandi á lögheimili í er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna aksturs. Skal samþykki þess liggja fyrir áður en þjónusta er veitt. Einstaklingar sem búa í Ísafjarðarbæ geta átt kost á tímabundnum akstri í öðru sveitarfélagi á meðan þeir dvelja þar. Það er þó háð því að viðkomandi sveitarfélag geti veitt þjónustuna.

3. gr.

Forgangur, ferðafjöldi og þjónustutími

Ferðir vegna vinnu, skóla, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra einkaerinda er háður takmörkunum, en miða skal við að þær verði ekki fleiri en 12 á mánuði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 60 á mánuði. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

Þjónustutími er sem hér segir:

Virka daga frá kl. 07.00 til kl. 19.00.

Akstur fer eftir samkomulagi um helgar og hátíðardaga.

Aðfangadag og gamlársgangur lýkur akstri kl. 16.00 og hefst á ný sólarhring síðar. Föstudaginn langa og páskadag hefst akstur kl. 16.00. Ferðir geta fallið niður vegna veðurs og ófærðar. Ferlipjónusta ber ekki ábyrgð á því að fært sé að anddyri.

4. gr.

Umsóknir og afgreiðsla

Sækja þarf um ferðapjónustu á Fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar eða á skrifstofu félagslegrar heimapjónustu á Hlíf. Umsókn er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Heimilt er að óska viðeigandi vottorða og upplýsinga er varpað geta ljósi á ástand og þörf hins fatlaða fyrir þjónustu. Hægt er að skjóta úrskurði starfsmanna á Fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar til félagsmálanefndar.

5. gr.

Samningur um þjónustu

Gera skal samkomulag um akstur hvers umsækjanda og sérstaklega um fastar ferðir vegna atvinnu og náms. Þanta þarf ferðir og gera viðvart um breytingar með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Afþöntun skal gera með minnst 3 klst. fyrirvara, annars telst ferðin með í uppgjöri við notanda.

6. gr.

Þjónustusvæði

Þjónustusvæðið miðast við mörk sveitarfélagsins, svo og þéttbýliskjarna Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps.

7. gr.

Akstur

Aksturinn miðast við að ekið sé frá og að anddyri. Farþegi skal tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði sé farþegi ekki tilbúinn. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega. Ferðapjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir tögum eða breytingum á áætlun.

8. gr.

Aðstoðarmenn

Farþega er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann. Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda ökumanni eða öðrum farþegum óþægindum, getur ferðapjónustan krafist fylgdarmanns með honum.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Þær öðlast þegar gildi.